



Minnisblað til fræðslunefndar Mosfellsbæjar

Viðtakandi: Fræðslunefnd Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanns

Dags: 23. janúar 2023

Málsnúmer: 202301097/13.1.2

Sendandi: Gunnhildur María Sæmundsdóttir og Jóhanna Magnúsdóttir

Tillaga: Til upplýsinga vegna vinnu við skóladagatal í Krikaskóla og yngsta stigs Helgafellsskóla þ.e. 200 daga skóla.

Greinargerð:

Fræðslu- og frístundasvið mun leggja til að skóladagar í ofangreindum skólum verði 190 í stað 200 á næsta skólaári. Grunnástæða þessarar breytingar er 30 daga orlof allra starfsmanna sem komið var á þegar samþykkt var bann við mismunun á orlofi á grundvelli aldurs, sem tók gildi 1. júlí 2019. Auk þess sem búið er að festa inn í skóladagatöl 4 daga í vetrarleyfi. Alls hafa því bæst við allt að 10 dagar sem ekki er hægt að hafa sem nemendadaga. Afleiðingar eru þær að skólaárið lengist inn í sumarið og ef ætti að hafa 200 daga á næsta skólaári þá lýkur skólahaldi í Krikaskóla 5. júlí og orlofi kennara lyki 19. ágúst 2024. Þá myndi starfsemi skólans hefjast fjórum dögum seinna en í 180 daga skólum.

Til viðbótar við 200 nemendadaga í skóladagatali eru:

- Þrjú starfsdagar í Krikaskóla og 6 í Helgafellsskóla, í upphafi skólaárs
- Tveir starfsdagar í lok skólaárs
- Fimm starfsdagar sem dreifast yfir skólaárið
- Fjórir vetrarfrisdagar
- Þrjú dagar í Dymbilvikju
- Jólaleyfi sem nær frá 21. desember til 2. janúar ár hvert
- Mismunandi er milli ára hvernig frídagar lenda í skólaárinu

Verði nemendadögum ekki fækkað færast skólalok sífellt lengra inn á sumarið og að sama skapi seinkar upphafi næsta skólaárs, nema því aðeins að starfsmenn stytti sumarorlof og taki orlof á vetrartíma með tilheyrandi kostnaði. Kennslustundum á viku mun fjölga við þessa breytingu og því er ekki um kennsluskerðingu að ræða. Heildarkennslustundafjöldi verður sá sami og í 200 daga skóladagatali.

Virðingarfyllt,

Linda Udengaard, framkvæmdarstjóri Fræðslu- og frístundasviðs